



# SKÝRSLA STJÓRNAR

NPA MIÐSTÖÐVARINNAR SVF.

**Starfstímabilið 16. júní 2021 til 28. maí 2022**

Skýrsla lögð fram á aðalfundi  
NPA miðstöðvarinnar  
28. maí 2022



# Efnisyfirlit

1 YFIRLIT STARFSTÍMABILS .....	1
1.1 Kórónaveirufaraldurinn og bólusetningar.....	1
1.1.1 Örvunarbólusetningar og lok faraldursins.....	2
1.1.2 Bakvarðasveit NPA miðstöðvarinnar .....	3
1.1.3 Starfsemin á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar .....	3
1.2 Fræðsla og viðburðir.....	3
1.2.1 Fræðsla á vegum hins opinbera.....	3
1.2.2 Grunnnámskeið NPA miðstöðvarinnar.....	4
1.2.3 Önnur fræðsla .....	6
1.2.4 Jafningjaspjall.....	6
1.2.5 Félagsfundir .....	6
1.2.6 Skemmtiviðburðir .....	6
1.2.7 Aðrir viðburðir .....	7
1.3 Verkefni um miðlun upplýsinga .....	7
1.3.1 Vefsíða NPA miðstöðvarinnar .....	7
1.3.2 Verkstjórnendahandbók .....	7
1.3.3 Handbók fyrir aðstoðarfólk .....	8
1.4 Kynningarstarf og fjölmiðlar.....	8
1.4.1 Samfélagsmiðlar.....	8
1.4.2 Greinaskrif og viðtöl í fjölmiðlum.....	9
1.5 Þátttaka í erlendu samstarfi .....	10
1.5.1 ENIL og Freedom Drive.....	10
1.6 Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar .....	11
1.7 Hagsmunagæsla og réttindamál.....	12
1.7.1 Dómsmál um réttinn til NPA .....	13
1.7.2 Kærumál .....	14
1.7.3 Umsagnir um lagafrumvörp.....	15
1.7.4 Samstarf og samráð við sveitarfélög og ríki.....	16
1.8 Nýir kjarasamningar og viðræður við Eflingu.....	16
1.8.1 Uppfærðir jafnaðartaxtar vegna hækkunar kjarasamnings .....	17

1.9 Kerfislausnir .....	18
1.9.1 Tímon tekið í almenna notkun .....	18
1.9.2 Áframhaldandi þróun Salesforce.....	19
1.9.3 Asana tekið í notkun .....	19
1.9.4 Áframhaldandi samstarf við Halló .....	19
1.10 Húsnæði, húsgögn og innréttning skrifstofu .....	19
1.11 Starfið framundan.....	20
2 NPA MIÐSTÖÐIN.....	22
2.1 Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar .....	22
2.2 Félagsfundir .....	22
2.2.1 Félagsfundur um nýjan kjarasamning fyrir NPA aðstoðarfólk .....	22
2.2.2 Félagsfundur um siðasáttmála NPA miðstöðvarinnar og aðgerðaráætlun.....	23
2.3 Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar og þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks .....	23
2.4 Fjöldi NPA aðstoðarfólks .....	23
2.5 Stjórn.....	24
2.5.1 Fjöldi stjórnarfunda .....	24
2.6 Starfsemi skrifstofu NPA miðstöðvarinnar.....	24
2.7 Rekstur og fjárhagur .....	25
2.8 Vefur NPA miðstöðvar og samfélagsmiðlar .....	26
2.9 Þjónusta NPA miðstöðvarinnar .....	26

# 1 YFIRLIT STARFSTÍMABILS

Þegar litið er um öxl yfir núliðið starfstímabil stjórnar NPA miðstöðvarinnar stendur einkum tvennt uppúr. Í fyrsta lagi kórónaveirufaraldurinn, sem náði í senn ákveðnum hápunkti á liðnu tímabili en var einnig kveðinn niður með afnámi samkomutakmarkana og bólusetninga. Í öðru lagi einkenndist svo tímabilið af öflugri fræðslu og innri uppbyggingu NPA miðstöðvarinnar í félagsstarfi og í þjónustu við félagsfólk.

## 1.1 Kórónaveirufaraldurinn og bólusetningar

Veirufaraldurinn, sem kom upphaflega hingað til lands í upphafi árs 2020, hélt áfram að hrella landsmenn á árinu 2021 og 2022. Eins og fram kemur í ársskýrslum stjórnar fyrir tvö síðustu tímabil hafa verkefni NPA miðstöðvarinnar verið margslungin og óútreiknanleg á þessu tímabili. Þar sem faraldurinn virðist nú vera að mestu kveðinn niður, í bili hið minnsta, er gott að líta til baka og fara yfir þau drjúgu og tímafreku verkefni NPA miðstöðvarinnar á meðan faraldrinum stóð.

Í upphafi faraldursins voru fyrstu verkefni NPA miðstöðvarinnar að safna og miðla upplýsingum til félagsfólks um sóttvarnir og réttindi og skyldur notenda og aðstoðarfólks vegna sóttkvíar og einangrunar. Einnig þurfti NPA miðstöðin að setja sig inn í úrræði stjórnvalda á meðan faraldrinum stóð og auk þess ganga úr skugga um að NPA notendur og aðstoðarfólk gleymdust ekki í umræðunni og aðgerðaráætlun stjórnvalda vegna fólks í áhættuhópum og starfsfólks í framlínustörfum. Einnig safnaði NPA miðstöðin og miðlaði hlífðarbúnaði, sápu og spritti, ásamt leiðbeiningum, til félagsfólks.

NPA miðstöðin skipulagði svo í samstarfi við Landlæknisembættið, Sóttvarnarlækni og Almannavarnir, upplýsingafund um viðbragðsáætlanir vegna Covid-19. Fundurinn heppnaðist sérlega vel og var vel sóttur af félagsfólki sem og öðrum. Opnuð var sérstök síða á heimasíðu NPA miðstöðvarinnar þar sem finna mátti samantekt yfir allar leiðbeiningar vegna Covid-19 ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum um faraldurinn og það sem honum tengist.

Eftir því sem líða tók á faraldurinn varð umræðan um bólusetningar sífellt fyrirferðameiri og drjúgur tími hjá NPA miðstöðinni fór í að annast samskipti við stjórnvöld vegna bólusetninga NPA notenda og NPA aðstoðarfólks.

NPA miðstöðin lagði áherslu á að NPA notendur og NPA aðstoðarfólk gleymdust ekki í umræðunni um forgangshópa í bólusetningar, en nokkuð bar á því að NPA notendur fengju ekki sömu upplýsingar eða teldust ekki með í sömu hópum og fatlað fólk sem er í stofnanþjónustu. Ótal símtöl og tölvubréf voru send til að skera úr um þetta og svörin voru oft á tíðum misvísandi, sérstaklega í upphafi bólusetninga. NPA miðstöðin miðlaði svo upplýsingum um forgangsröðun og stöðu bólusetninga á samfélagsmiðlum og ávallt barst nokkur fjöldi fyrirspurnna í kjölfar slíkra pósta.

NPA miðstöðin hélt utan um bólusetningarlista fyrir félagsfólk og aðstoðarfólk NPA miðstöðvarinnar, samtals um 300 manns. Þessu verkefni fylgdi mikil umsýsla og lauk ekki fyrr en í júní árið 2021. Ástæðan var m.a. sú að ekki var hægt að senda út bólusetningarlista fyrir allt landið í einu þar sem það var ekki samræmi á milli landshluta varðandi það hvenær tilteknir forgangshópar voru bólusettir. Þar sem fjöldi félagsfólks breytist öðru hvoru og listi yfir aðstoðarfólk breytist í hverjum mánuði, var talið rétt að senda ekki lista fyrir hvern hóp fyrr en rétt um það leyti sem bólusetning þess hóps hófst í hverjum landshluta. Undir það síðasta þurfti svo að senda lista yfir nýtt NPA aðstoðarfólk í kjölfar hverra mánaðamóta.

Ætli flestir hafi ekki talið að faraldrinum væri lokið þegar þorri þjóðarinnar hafði verið tvíbólusettur í lok sumars 2021. Raunin varð hins vegar önnur. Fjórðu og fimmtu bylgjur faraldursins skullu á um haustið og veturinn með tilheyrandi hertum sóttvarnaraðgerðum og samkomutakmörkunum. NPA miðstöðin aðstoðaði félagsfólk með ýmsum hætti á þessu tímabili. Ef grunur um smit lá fyrir, leitaðist NPA miðstöðin við að svara spurningum, afla upplýsinga og gagna og aðstoða eftir þörfum. NPA miðstöðin útvegaði félagfólki svokallaða startpakka sem innihéldu hlífðarbúnað og kom pakkanum til félagsfólks sem hafði smitast eða hafði grun um smit.

### 1.1.1 Örvunarbólusetningar og lok faraldursins

Undir lok sumars 2021 var hafist handa við að gefa fólki örvunarskammta af bóluefni vegna hraðrar útbreiðslu kórónaveirunnar. Vinna tengd örvunarbólusetningum var ekki eins fyrirferðarmikil og í tengslum við fyrri bólusetningar en þó þurfti NPA miðstöðin að leita upplýsinga og miðla þeim og svara ýmsum fyrirspurnum frá verkstjórnendum og aðstoðarfólki.

Öllum samkomutakmörkunum og sóttvarnaraðgerðum var aflétt hér á landi í febrúar 2022. Það var í senn mikið fagnaðarefni en um leið mikið óvissutímabil, sérstaklega hjá því fólki sem tilheyrir áhættuhópum vegna veirunnar. Smitum fjölgaði mikið, bæði hjá NPA notendum og NPA aðstoðarfólki, og reyndi því mikið á starfsfólk NPA miðstöðvarinnar að leita leiða til þess að aðstoða verkstjórnendur í þeirri stöðu. Ekki var unnt að leita til bakvarðarsveitar sveitarfélaga vegna forfalla hjá aðstoðarfólki og reyndi því talsvert á aðstandendur og aðra nákomna.

Einn liður í afléttingu sóttvarnaraðgerða vegna Covid-19 var sá að skrá fólk í smitgát frekar en sóttkví. Það var léttir fyrir marga í samfélaginu en gat verið flókið fyrir notendur þar sem aðstoðarfólk í smitgát gat ekki fengið greiðslur frá Vinnumálastofnun eins og þegar það var í sóttkví en samt var þeim ráðlagt að vera ekki nálægt viðkæmum hópum. Eftir fyrirspurn frá félagsmanni, leitaði NPA miðstöðin svara hjá Embætti landlæknis við því hvernig notendur ættu að bregðast við þegar aðstoðarfólk lenti í smitgát. Niðurstaðan var sú að aðstoðarfólk gat sent beiðni til ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar og óskað eftir að vera skráð í sóttkví til þess að geta sótt um bætur fyrir tapaða vinnu.

### 1.1.2 Bakvarðasveit NPA miðstöðvarinnar

Í tengslum við faraldurinn kom NPA miðstöðin á síðasta starfsári á laggirnar fyrstu drögum að eigin bakvarðarsveit sem NPA notendur geta leitað til í neyðartilvikum. Bakvarðarsveitin er fyrst um sinn hugsað fyrir NPA aðstoðarfólk sem þegar er starfandi hjá verkstjórnendum innan NPA miðstöðvarinnar og getur hugsað sér að taka aukavaktir hjá öðrum NPA notendum. Bakvarðasveit NPA miðstöðvarinnar virkar þannig að verkstjórnandi í neyð getur leitað til ráðgjafa hjá NPA miðstöðinni sem svo leitar í bakvarðarlistann og reynir að koma á tengslum á milli viðkomandi verkstjórnanda og aðstoðarmanns sem er reiðubúinn að taka vaktina. Bakvarðarlistinn er enn í þróun en verkstjórnendur hafa almennt tekið vel í að eiga þennan möguleika og má því búast við að þessi þjónusta sé komin til að vera.

### 1.1.3 Starfsemin á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar

Rétt eins og á fyrra starfstímabili var talsvert um heimavinnu hjá starfsfólki skrifstofunnar á liðnu starfsári. Ráðgjafar og samskiptastýra voru einkum heimavinnandi á þessum tíma en undir lok árs voru bókarar og framkvæmdastjóri öll heimavinnandi á tímabili.

Eins og á öðrum vinnustöðum hefur heimavinnan kallað á breytt verklag og aðra nálgun í starfseminni, því þótt góð æfing væri komin í notkun fjarfundabúnaðar og annarra fjarvinnulausna þá gat það tafið fyrir tilteknum verkefnum. Þá hafði faraldurinn einnig heilmikil áhrif á fjölskyldulíf starfsfólks með tilheyrandi fjarvistum.

Starfsemin hefur svo hægt og rólega verið að færast í eðlilegt horf og við sjáum nú í fyrsta sinn fram á að geta nýtt nýja húsnæði NPA miðstöðvarinnar í Urðarhvarfi almennilega, frá því miðstöðin flutti starfsemi sína þangað í apríl 2020.

## 1.2 Fræðsla og viðburðir

### 1.2.1 Fræðsla á vegum hins opinbera

NPA miðstöðin hefur opinberlega gagnrýnt námskeið Félagsmálaráðuneytisins um NPA og fyrirkomulag þeirra. Ráðuneytið hefur skipulagt bæði grunn- og framhaldsnámskeið um NPA, en NPA notendum, aðstoðarfólki, aðstoðarverkstjórnendum og umsýsluaðilum ber skylda til að sækja slík námskeið. Faraldurinn hefur vissulega sett strik í reikninginn en í nóvember á síðasta ári setti ráðuneytið á laggirnar rafræn námskeið fyrir verkstjórnendur og aðstoðarfólk. Ráðuneytið sendi í kjölfarið bréf á sveitarfélög þar sem fram kom að NPA notendur og aðstoðarfólk yrðu að hafa sótt námskeiðin fyrir 20. desember 2021. Skilja mátti bréfið þannig að forsenda fyrir endurnýjun NPA samninga væri sú að viðkomandi verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra hefðu lokið námskeiðunum.

NPA miðstöðin sendi bréf á ráðuneytið síðastliðið haust þar sem þessi framkvæmd var enn á ný gagnrýnd. Var spurningum beint til ráðuneytisins í fimm liðum sem vörðuðu

skilyrði ráðuneytisins um að notendur myndu sækja námskeiðin fyrir 20. desember ella fengju þeir ekki nýja samninga og jafnframt um aðkomu NPA miðstöðvarinnar að námskeiðunum vegna staðfestingar umsýsluaðila á þátttöku einstakra aðila á námskeiðunum. Bréfinu var aldrei svarað að hálfu ráðuneytisins, þrátt fyrir ítrekanir. Hins vegar virðist ráðuneytið og sveitarfélög hafa fallið frá þeirri kröfu að notendur og aðstoðarfólk þyrftu að ljúka námskeiðunum fyrir ákveðinn tíma eða að námskeiðin væru forsenda fyrir gerð nýrra NPA samninga.

Áfram má þó búast við því að bæði sveitarfélög og ráðuneytið muni ganga á verkstjórnendur og aðstoðarfólk um að ljúka við námskeiðin á þessu ári.

### 1.2.2 Grunnnámskeið NPA miðstöðvarinnar

Í október hleypti NPA miðstöðin af stokkunum sex hluta námskeiðsröð um NPA. NPA miðstöðin er stolt af því að námskeiðin eru unnin undir leiðsögn NPA verkstjórnenda og í samstarfi við verkstjórnendur og aðstoðarfólk eins og kostur er. Sjá má upplýsingar um námskeiðsröðina í þessum hlekk.

<https://npa.is/namskeid/520-npa-grunnamskeidh-npa-midhstoedhvarinnar-i-sex-hlutum-2>

Fyrsta námskeiðið, NPA grunnnámskeið 1, var haldið 27. október 2021 og var í það skiptið fjallað um hugmyndafræði NPA og sögu sjálfstæðs lífs. Frekar lítið var um Covid-19 smit í samfélaginu um þetta leyti og var námskeiðið haldið í húsnæði NPA miðstöðvarinnar að Urðarhvarfi 8 og var virkilega ánægjulegt að fá loks meira líf í húsið. Nánari upplýsingar um námskeið 1, m.a. um leiðbeinendur og efnistöð, má sjá í þessum hlekk.

<https://npa.is/namskeid/513-grunnamskeidh-npa-midhstoedhvarinnar-npa-og-saga-sjalfstaedhs-lifs>

Á NPA grunnnámskeiði 2, sem haldið var fimmtudaginn 18. nóvember, var fjallað um hlutverk, ábyrgð og samskipti í NPA. Á þeim tíma sem liðið hafði frá námskeiði 1 hafði staðan í Covid-19 faraldrinum versnað verulega og af þeim sökum fóru námskeið 2 og einnig námskeið 3 og 4 fram rafrænt. Sjá má nánari upplýsingar um námskeið 2 í þessum hlekk.

<https://npa.is/namskeid/515-npa-namskeidh-2-hlutverk-abyrgdh-og-samskipti-i-npa>

NPA grunnnámskeið 3 var haldið miðvikudaginn 9. febrúar og þá var fjallað um aðbúnað og hollustuhætti í NPA, hlutverk umsýsluaðila og loks verkefni og þjónustu NPA miðstöðvarinnar. Frekari upplýsingar um NPA námskeið 3 má finna í þessum hlekk.

<https://npa.is/namskeid/521-npa-namskeidh-2-hlutverk-abyrgdh-og-samskipti-i-npa-2>

NPA grunnnámskeið 4 fór fram þann 9. mars. Umfjöllunarefni námskeiðsins voru margþætt áhrif laga og reglugerða á líf verkstjórnenda og aðstoðarfólks og jafnframt var farið yfir nýjan kjarasamning NPA miðstöðvarinnar við Eflingu. Nánari upplýsingar um námskeið 4 má finna hér.

<https://npa.is/namskeid/524-npa-grunnamskeidh-4-hvadha-ahrif-hafa-loeg-og-reglugerddhir-a-lif-mitt-en-npa-kjarasamningar>

NPA grunnnámskeið 5 um líkamsbeitingu og hjálpertæki átti sér stað þann 6. apríl 2022. Nánari upplýsingar um námskeið 5 má finna í þessum hlekk.

<https://npa.is/namskeid/525-npa-grunnamskeidh-5-likamsbeiting-vinnutaekni-og-notkun-hjalpartaekja>

Á NPA grunnnámskeiði 6 var kennd skyndihjálp. Námskeiðið var haldið 27. apríl 2022 og var síðasta námskeiðið í námskeiðsröðinni. Í lok námskeiðs var þátttakendum skipt í hópa og tekin smástund í hugarflug um námskeiðin. Loks voru þeim sem lokið höfðu allri námskeiðsröðinni veitt viðurkenning. Nánari upplýsingar um námskeið 6 má finna hér.

<https://npa.is/namskeid/526-npa-grunnamskeidh-6-skyndihjalp-og-hugarflug>

Á grunnnámskeiðum 1, 4, 5 og 6 voru allir þeir sem sóttu námskeiðið saman í hóp en á námskeiðum 2 og 3 voru verkstjórnendur og tilvonandi verkstjórnendur í einum námskeiðshóp og aðstoðarfólk, aðstoðarverkstjórnendur, aðstandendur og aðrir í öðrum. Efni námskeiða fyrir hvorn hóp var það sama en áherslur geta verið misjafnar enda hlutverk fólks í hvorum hóp ólík. Réðst það af viðfangsefni hvers námskeiðs, hvor leiðin var farin.

NPA ráðgjafar í samstarfi við verkstjórnendur og aðstoðarfólk þróuðu námskeiðin en byggðu á grunni frá fræðslustýru miðstöðvarinnar. Mikil áhersla var lögð á aðkomu verkstjórnenda og aðstoðarfólks að undirbúningi og fræðslu á námskeiðunum en jafnframt var leitast við að fá utanaðkomandi sérfræðinga á hverju sviði til að kenna á námskeiðunum. Meðal leiðbeinenda á námskeiðunum voru félagsráðgjafi og sáttamiðlari, vinnuumhverfisfræðingur, réttindagæslumaður fatlaðs fólks, sérfræðingur í taugasjúkraþjálfun og slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður, svo dæmi sé tekið.

Námskeiðin voru öllum opin en flestir þátttakenda voru aðstoðarfólk og félagsfólk NPA miðstöðvarinnar. Námskeiðin voru vel sótt og var send út eftirfylgnikönnun til þátttakenda í kjölfar hvers námskeiðs. Á heildina fékkst mjög jákvæð endurgjöf en eins og við mátti búast var endurgjöfin breytileg eftir því hvaða námskeið eða námskeiðshluta var um að ræða. Sumarið verður notað til þess að yfirfara og endurmeta námskeiðsröðina og breyta og bæta eftir því sem þurfa þykir. Námskeiðin verða svo að sjálfsögðu í stöðugri þróun eftir því sem fram líða stundir.

Að mörgu er að huga við þróun og uppbyggingu heillar námskeiðsraðar. Ekki eingöngu felst mikil vinna og samráð í þróun og gerð námsefnis heldur þarf að útbúa upplýsinga- og kynningarefni um námskeiðin, auglýsa námskeiðin, byggja upp og slípa til skráningarferla, huga að tæknimálum bæði fyrir staðbundin og rafræn námskeið, ákveða greiðslufyrirkomulag fyrir fólk utan NPA miðstöðvarinnar, huga að veitingum og mörgu fleira.



NPA grunnnámskeiðsröðin verður aftur í boði næsta vetur og hefst með NPA námskeiði 1 næsta haust. Því til viðbótar er stefnt að því að bjóða fræðslu á ensku en fyrirkomulag þess verður kynnt með haustinu. Loks hefur NPA miðstöðin þróað ýtarlega áætlun um fræðslustarf miðstöðvarinnar til framtíðar og stefnt er að því að byggja upp og efla fræðslustarfið í áföngum eftir því sem tæk eru á og miðstöðin stækkar.

### 1.2.3 Önnur fræðsla

Í upphafi þessa árs bauð NPA miðstöðin félagsfólki upp á rafrænan fyrirlestur sem bar yfirskriftina „Bjargráð við kvíða“ en á þeim tíma var enn ein bylgja C-19 faraldursins í miklu hámarki.

Þann 21. mars síðastliðinn bauð NPA miðstöðin upp á rafrænan kynningar- og fræðslufund um Tímon.

Reglulega er leitað til NPA miðstöðvarinnar og óskað eftir fræðslu um NPA. Í lok síðasta árs hélt NPA miðstöðin t.d. fyrirlestur um NPA í Háskóla Íslands og einnig hefur NPA miðstöðin verið fengin til að halda fyrirlestur í grunnskóla og hjá sjúklingasamtökum. NPA miðstöðin vonast til að geta smám saman aukið fræðslu sína út á við, enda teljum við að fræðsla og þar með aukin þekking á NPA úti í samfélaginu styðji við NPA notendur og framkvæmd NPA á landinu og dragi jafnframt vonandi úr fordómum.

### 1.2.4 Jafningjaspjall

Á nýliðnu starfsári voru haldin fjögur jafningjaspjöll. Á því fyrsta var kynning á Alvican neyðarhnappinum og á því næsta var megin umræðuefnið mögulegir félags- og fræðsluviðburðir fyrir félagsfólk og aðstoðarfólk. Hin tvö jafningjaspjöllin voru svo með óskilgreint umfjöllunarefni en voru vettvangur fyrir félagsfólk að spjalla, spyrja og bera saman bækur. Stefnt er að því að halda jafningjaspjall reglulega næsta vetur.

### 1.2.5 Félagsfundir

Á þessu ári hafa verið haldnir tveir félagsfundir. Þann 17. janúar síðastliðinn voru nýir kjarasamningar kynntir og bornir undir fundinn og 11. maí var siðasáttmáli NPA miðstöðvarinnar og aðgerðaáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi kynnt fyrir félagsfólki.

### 1.2.6 Skemmtiviðburðir

Mörg systurfélög NPA miðstöðvarinnar á Norðurlöndunum bjóða ekki eingöngu upp á námskeið um NPA heldur einnig námskeið um ýmislegt annað, t.d. námskeið í sjálfseflingu og konfektgerð, svo dæmi sé tekið. Jafnframt bjóða þau upp á ýmis konar skemmtiviðburði. Að sjálfsögðu er misjafnt í svona félagsskap hvað höfðar til hvers og eins og hversu mikið fólk vill sækja viðburði hjá sínu umsýslufélagi. Á heildina er þetta hins vegar vel sótt og fyrir marga er fengur í því að geta skemmt sér í hópi fólks án þess að skera sig úr eða hafa áhyggjur af aðgengi. Námskeið GIL í Svíþjóð má t.d. sjá í þessum hlekk.

<https://www.gil.se/kalender/>

Fram höfðu komið óskir frá bæði félagsfólki og aðstoðarfólki um að miðstöðin byði upp á viðburði sem ekki hefðu beina tengingu við NPA og steig NPA miðstöðin fyrstu skrefin í þessa átt síðastliðið haust þegar samkomutakmarkanir vegna Covid-19 voru vægari en verið hafði. Helgina 1.-3. október var haldin LAN helgi NPA miðstöðvarinnar og föstudaginn 29. október var svo haldið Hrekkjavökukvöld. Báðir viðburðir voru fámennir en mæltust vel fyrir af þeim sem mættu.

Til stóð að halda fyrsta jólaball NPA miðstöðvarinnar í desember en þegar nær dró var Covid-19 staðan aftur orðin slík að fallið var frá þeim áformum.

Hugur miðstöðvarinnar stendur til þess að halda öðru hvoru skemmtiviðburði af einhverju tagi en útfærslur þess eiga eftir að skýrast og einnig er stefnt að því að leita álits félagsfólks á einhverjum tímapunkti um framhaldið.

### 1.2.7 Aðrir viðburðir

Á Evrópuþegi um sjálfstætt líf, þann 5. maí síðastliðinn, bauð NPA miðstöðin til opins húss. Boðið var upp á léttar veitingar og fólk kom bæði til að hittast og spjalla eða til að leita upplýsinga um NPA.

## 1.3 Verkefni um miðlun upplýsinga

### 1.3.1 Vefsíða NPA miðstöðvarinnar

Útlit á vefsíðu NPA miðstöðvarinnar var uppfært lítillega sumarið 2020, samhliða því að nýtt merki NPA miðstöðvarinnar var tekið í notkun. Síðan þá hefur svo staðið til að endurnýja vefsíðu NPA miðstöðvarinnar frá grunni. Í því felst m.a. að vefsíðan styðji betur við verkefni NPA miðstöðvarinnar og þjóni betur þörfum félagsfólks og aðstoðarfólks en núverandi vefsíða gerir, jafnframt að skrifað verði meira efni fyrir síðuna svo hún verði góð upplýsingaveita um NPA og miðstöðina og að útlit vefsíðunnar verði endurhannað í takt við nýtt merki miðstöðvarinnar o.fl. Undirbúningur þessarar vinnu hefur verið brotakenndur vegna anna við önnur verkefni, fyrst lengi vel vegna verkefna tengdum Covid-19 og nú síðast vegna námskeiðahalds og loks veikinda á skrifstofu af völdum Covid-19 á vormánuðum. Með hléum hafa samt nokkur skref verið stigin. T.d. hefur verið gerð ágætis þarfagreining og stefnumörkun og kominn er góður vísir af veftré síðunnar. Á vormánuðum var hins vegar enn á ný orðið ljóst að vinna við vefsíða yrði að frestast enn frekar og er nú stefnt að því að setja kraft í hana næsta vetur.

### 1.3.2 Verkstjórnendahandbók

NPA miðstöðin gaf út rafræna verkstjórnendahandbók á afmælisdegi sínum þann 16. júní 2020. Handbókin er fyrst og fremst hugsuð fyrir félagsfólk NPA miðstöðvarinnar en handbókin og skjalasafn hennar eru jafnframt opin öllum þeim sem vilja kynna sér efni

hennar, óháð því hvort viðkomandi nýti sér miðstöðina sem umsýsluaðila eður ei. Verkstjórnendahandbókin er hugsuð sem alls herjar uppfléttirit fyrir NPA notendur og í henni er fjallað um flest allt sem lítur að NPA, allt frá samningagerð, verkstjórn og tímavinnu, upp í hugmyndafræði NPA.

Enn á eftir að myndskreyta handbókina og lagfæra tiltekna þætti en ekki liggur fyrir hvenær þeirri vinnu lýkur. Handbókin er jafnframt þess eðlis að hún verður líklega í sífelldri þróun og mun þróast í takt við breytingar á kjaraumhverfi, regluverki NPA og eftir áherslum NPA miðstöðvarinnar hverju sinni.

### 1.3.3 Handbók fyrir aðstoðarfólk

Til stendur að útbúa handbók fyrir aðstoðarfólk á sambærilegu formi og verkstjórnendahandbókin er. Sú vinna er hafin en er komin skammt á veg og verður áframhaldið um leið og svigrúm gefst til. Starfsfólk NPA miðstöðvarinnar gerir sér grein fyrir þörf aðstoðarfólks fyrir frekari leiðsögn og fræðslu og er handbókin eitt af næstu forgangsverkefnum miðstöðvarinnar. Þó NPA grunnnámskeiðin hafi komið verulega til móts við þarfir aðstoðarfólks fyrir aukna leiðsögn og fræðslu verður handbók fyrir aðstoðarfólk mikilvægt uppfléttirit og upplýsingaveita um störf þeirra þegar hún verður komin í loftið.

## 1.4 Kynningarstarf og fjölmiðlar

NPA miðstöðin hefur takmarkað beitt sér í markaðsstarfi og kynningarverkefnum á nýliðnu starfsári. Þó er vert að nefna að kynningarefni um NPA grunnnámskeið miðstöðvarinnar náði góðri dreifingu og hefur örugglega vakið athygli fólks á starfsemi miðstöðvarinnar, enda sóttu ávallt nokkrir aðilar utan NPA miðstöðvarinnar hvert námskeið. Einnig sótti fólk miðstöðina heim í tengslum við opið hús þann 5. maí síðastliðinn til að leita sér upplýsinga um NPA og starfsemi miðstöðvarinnar.

NPA miðstöðin lítur á það sem hluta af sinni skyldu að vekja athygli á ýmsu því sem tengist baráttunni vegna NPA. Í því felst m.a. að birta áhugavert efni tengt málefnum fatlaðs fólks og NPA á Facebook síðu miðstöðvarinnar, að skrifa greinar og mæta í viðtöl í fjölmiðlum, þátttöku í alþjóðlegri baráttu fyrir réttinum til sjálfstæðs lífs og stundum í tilteknum kynningar- og markaðsverkefnum.

### 1.4.1 Samfélagsmiðlar

NPA miðstöðin hefur áfram lagt áherslu á að vera sýnileg á liðnu starfsári, sérstaklega á samfélagsmiðlum. NPA miðstöðin heldur úti Facebook síðu og birtir á henni efni u.þ.b. daglega fyrir sína tæplega 3.000 fylgjendur. Síðan er ágætis fréttaveita um málefni fatlaðs fólks á Íslandi sem og erlendis og gefur jafnframt ýmis konar fræðsluefni, viðburðum, listum o.fl. sem tengjast fötlðu fólki rými, auk þess að birta léttara efni þar sem fatlað fólk er í brennidepli.

NPA miðstöðin heldur einnig úti hópi á Facebook sem ber nafnið „Sjálfstætt líf og NPA á Íslandi“ sem er vettvangur fyrir alla áhugasama til að deila upplýsingum og skiptast á skoðunum um allt sem varðar NPA. Á þessum tímapunkti eru ríflega 500 aðilar í hópnum.

NPA miðstöðin er nokkuð virk á Instagram og birtir þá helst myndir og efni frá starfi skrifstofunnar, t.d. um NPA grunnnámskeiðin, auk þess að birta ýmis konar efni í „story“.

Loks má nefna að NPA miðstöðin safnar greinum og flestu efni sem birt er á Facebook síðu miðstöðvarinnar, í flokkað safn á Pinterest. Á Pinterest má þar af leiðandi finna nokkurn gagnabrunn af fréttum og öðru efni sem fjallar um fatlað fólk. Einnig eru nokkur myndbönd frá NPA miðstöðinni á Youtube

#### 1.4.2 Greinaskrif og viðtöl í fjölmiðlum

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar og ýmsir aðrir tengdir NPA miðstöðinni hafa verið iðin við að láta í sér heyra á opinberum vettvangi á nýliðnu starfsári, auk þess sem ýmsir félagar í NPA miðstöðinni eru duglegir að láta í sér heyra. Hér má sjá helstu greinar og viðtöl starfsfólks og stjórnarfólks NPA miðstöðvarinnar.

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, Þuríður Harpa Sigurðardóttir og Katrín Oddsdóttir skrifuðu grein sem birtist á Vísi 5. apríl síðastliðinn og var yfirskrift greinarinnar „Mun Hæstiréttur verja lögbundin mannréttindi fatlaðs fólks?“. Í greininni fjalla þau um fyrirhugaðan málf lutning í Hæstarétti í dómsmáli sem m.a. snerist um hvort sveitarfélögum sé heimilt að draga afgreiðslu NPA umsókna eftir eigin geðþótta og jafnframt hvort sveitarfélög hafi heimild til að setja kvóta á mannréttindi fatlaðs fólks.

<https://www.visir.is/g/20222244698d/mun-haesti-rettur-verja-log-bundin-mann-rettindi-fatlads-folks>

Rúnar, formaður NPA miðstöðvarinnar var í Spjallinu með Góðvild. Viðtalið var birt 28. desember og þar ræðir Rúnar m.a. slysið sem breytti lífi hans og líf sitt í dag sem formaður NPA miðstöðvarinnar.

<https://www.visir.is/g/20212201578d/i-stofufangelsi-i-ibudinni-sinni-i-sex-ar-med-lagmarksthjonustu>

Viðtal við Rúnar Björn birtist á mbl.is þann 19. desember en þar fjallar hann um þann mikla mun sem er á NPA þjónustu og hefðbundinni þjónustu á vegum sveitarfélaga.

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/12/19/mjog\\_othaegilegt\\_ad\\_skipta\\_um\\_adstodar\\_folk](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/12/19/mjog_othaegilegt_ad_skipta_um_adstodar_folk)

Hjörtur Örn Eysteinnsson framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar var í viðtali á mbl.is og birtist það 14. desember. Í viðtalinu var hann m.a. spurður um ýmislegt sem tengist NPA, t.d. um hlutfall þeirra sem nýta sér umsýslu NPA miðstöðvarinnar og hinna sem sjá um sína umsýslu sjálfir. M.a. kom fram að algengt sé að notendur fái of litla NPA samninga frá sínu sveitarfélagi og að stundum geti reynst erfitt að ráða aðstoðarfólk, o.fl.

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/12/14/hafa\\_ekki\\_efni\\_a\\_ad\\_rada\\_annan/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/12/14/hafa_ekki_efni_a_ad_rada_annan/)

Rúnar Björn skrifaði grein sem birtist á Vísi 10. desember en í henni gagnrýnir hann og vekur athygli á því að samkvæmt nýjum fjárlögum, sé gert ráð fyrir 300 milljóna króna niðurskurði til NPA sem myndu setja þágildandi NPA samninga í hættu. <https://www.visir.is/g/20212194674d/nidur-skurdur-a-mann-rettindum-fatlads-folks>

Rúnar lagði inn kæru vegna framkvæmdar þingkosninga og má hér sjá frétt um það frá 15. október 2021.

<https://www.ruv.is/frett/2021/10/15/12-kaerur-borist-vegna-thingkosninganna>

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir stjórnarkona NPA miðstöðvarinnar og formaður Sjálfsbjargar skrifaði um atvinnutækifæri ungs fatlaðs fólks og birtist greinin á Vísi þann 28. september 2021.

<https://www.frettabladid.is/skodun/hefur-ungt-fatlad-folk-taekifaeri-a-vinumarkadi/>

Rúnar Björn og Katrín Oddsdóttir skrifuðu um hvernig fötluðu fólki er enn neitað um NPA þrátt fyrir að NPA hafi verið innleitt með lögum sem réttur fatlaðs fólks á Íslandi fyrir þremur árum. Greinin birtist þann 14. september á Vísi á þeim tímamótum þegar þrjú ár voru liðin frá lögfestingunni.

<https://www.visir.is/g/20212155613d/rettindum-frestad-er-rettindum-neitad>

Rúnar Björn og Hjörtur mættu á Fréttavaktina og ræddu m.a. hvernig hvorki ríki né sum sveitarfélög hafi staðið við skuldbindingar sínar þegar kemur að NPA. Viðtalið birtist 8. september 2021.

<https://www.frettabladid.is/frettir/frettavaktin-mpa-bidlistar-horfdu-a-thattinn/>

## 1.5 Þátttaka í erlendu samstarfi

Líkt og hjá NPA miðstöðinni, tóku verkefni tengd Covid-19 mikinn tíma og orku hjá mörgum systurfélaga NPA miðstöðvarinnar á Norðurlöndunum. Árið 2020 stóð til að halda rafrænt málþing helstu félaga á Norðurlöndum um sjálfstætt líf, en ennþá hefur ekkert orðið úr því.

NPA miðstöðin býr að þeim tengslum sem mynduðust í heimsókn NPA miðstöðvarinnar til systurfélaga í Noregi og Svíþjóð, árið 2019. NPA miðstöðin er t.d. aðili að spjallþræði fólks sem starfar hjá nokkrum félögum um sjálfstætt líf á Norðurlöndunum og getur það komið sér vel að leita álits og aðstoðar hjá þeim.

### 1.5.1 ENIL og Freedom Drive

NPA miðstöðin hefur verið fullgildur meðlimur í Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (ENIL) frá árinu 2017.

Annað hvert ár standa samtökin fyrir viðburði í Brussel í Belgíu þar sem aðildarfélögum, systursamtökum og öðru fötluðu fólki er boðið að taka þátt í nokkurra daga dagskrá sem nær hámarki með kröfugöngu, sem ber heitið Freedom Drive. NPA miðstöðin sendi fulltrúa sína til að taka þátt í Freedom Drive árið 2019 og 2017. Næsta Freedom Drive átti að fara fram árið 2021 en var frestað vegna heimsfaraldurs.

Stjórn ENIL hefur tilkynnt að Freedom Drive fari fram dagana 26.-28. september núna í haust og stefnir NPA miðstöðin að því að senda fulltrúa sína til að taka þátt eins og hin skiptin.

## 1.6 Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar

Um nokkurt skeið hafði staðið til að NPA miðstöðin myndi útbúa siðasáttmála og verkferla til þess að taka á viðkvæmum siðferðislegum málum sem gætu komið upp hjá miðstöðinni, rétt eins og hjá öðrum félögum, félagasamtökum og vinnustöðum. Slíkir leiðarvísar voru taldir enn mikilvægari í ljósi þess að fatlað fólk er berskjaldaðra en ófatlaðir fyrir hvers kyns ofbeldi og auk þess var talið rétt að bregðast við umræðu undangenginna ára um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni.

Vinnsla siðasáttmála hefur nú staðið yfir um allangt skeið en á vormánuðum ársins 2021 leitaði NPA miðstöðin eftir samstarfi við Attentus og síðar Hagvang til þess að vinna að gerð siðasáttmála og aðgerðaráætlunar vegna eineltis og ofbeldis fyrir alla hluteigandi aðila sem koma að framkvæmd NPA í gegnum NPA miðstöðina.

Vegna sérstöðu NPA miðstöðvarinnar sem samvinnufélags og vinnuumhverfis NPA og ekki síður sérstöðu vinnusambands verkstjórnenda og aðstoðarfólks, krafðist vinna við gerð siðasáttmálans ítarlegri yfirlegu en yfirleitt er nauðsynleg. Ráðgjafafyrirtækið Hagvangur leiddi vinnuna og höfðu ráðgjafar Hagvangs á orði að þær hefðu lært mikið af samstarfinu þar sem rýna þurfti nákvæmar og með öðrum hætti í alla þætti en yfirleitt er þörf fyrir.

Allra leiða var leitað til að gefa bæði félagsfólki og aðstoðarfólki kost á að taka þátt í þróun siðasáttmálans. Félagfólki og aðstoðarfólki var boðið að taka þátt í rýnihópavinnu og jafnframt var send viðhorfskönnun út til alls félagsfólks og aðstoðarfólks. Hvort tveggja var gert í viðleitni til að fá álit allra hlutaðeigandi á ýmsum álitamálum sem voru til umræðu við vinnslu siðasáttmála og aðgerðaáætlunar.

Siðasáttmálinn og aðgerðaáætlunin veitir NPA miðstöðinni skýra verk- og viðbragðsferla í tilteknum málum og ættu að vera góður leiðarvísir fyrir alla hluteigandi aðila um hvernig eigi að bera sig að við tiltekna aðstæður. Hvort tveggja var kynnt fyrir félagsfólki NPA miðstöðvarinnar á félagsfundi þann 11. maí 2022 þar sem félagsfólki gafst kostur á að kynna sér sáttmálann og koma með spurningar og athugasemdir. Á fundinum var samþykkt tillaga um að vísa siðasáttmála og aðgerðaráætlun, með litlum breytingum, til aðalfundar til samþykktar.

Búast má við því að ný síða muni líta dagsins ljós þar sem finna má siðasáttmálann í heild sinni og aðgerðaráætlunina ásamt viðmótsham til þess að tilkynna mál.

## 1.7 Hagsmunagæsla og réttindamál

NPA miðstöðin er ekki eingöngu umsýslufélag heldur einnig hagsmunafélag og skipar hagsmunavarsla nokkuð stóran sess í starfi NPA miðstöðvarinnar enda var NPA miðstöðin í upphafi stofnuð sem baráttusamtök fyrir réttinum til NPA. Ýmsir vankantar hafa verið á framkvæmd innleiðingarferlis NPA undanfarin 10 ár og í sumum tilvikum hafa lög verið brotin. Þetta hefur ítrekað krafist viðbragða NPA miðstöðvarinnar og gerir enn. Segja má að hið opinbera sé búið að eyða allt of miklu af orku NPA miðstöðvarinnar í hagsmunabaráttu. Fyrir vikið hefur NPA miðstöðin, fyrst undanfarin 1-2 ár getað lagt kraft í sitt eigið innra starf.

Meðal þess sem NPA miðstöðin hefur þurft að berjast fyrir er það að sveitarfélög fari eftir reglugerðum, t.d. að framlag sem þau greiða fyrir hverja NPA klst. sé nógu hátt til að greiða laun aðstoðarfólks samkvæmt kjarasamningum. Borið hefur á því að sveitarfélög greiði ekki samkvæmt kjarasamningum sem hefur svo leitt til þess að notandi hefur þurft að skera niður sína þjónustutíma til að geta greitt samkvæmt kjarasamningum. Þ.e. sum sveitarfélög borga það lágt tímakaup að notandi getur ekki nýtt alla tímana sem honum er úthlutað. NPA miðstöðin hefur einnig ítrekað gert athugasemdir við afgreiðslu sveitarfélaga á NPA umsóknum og drátt þar á. Einnig þarf gjarnan að hafa fyrir því að fá aukin réttindi til handa notendum NPA miðstöðvarinnar, t.d. fleiri tíma eða aðstoðarverkstjórn o.s.frv.

NPA miðstöðin hefur einnig ítrekað gert athugasemdir við að ríkið hefur ekki staðið við sínar skuldbindingar varðandi fjölgun NPA samninga samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Formaður NPA miðstöðvarinnar hefur skrifað pistla og mætt í viðtöl til að vekja athygli á þessu og hefur talsverð vinna falist í því, m.a. að afla upplýsinga, annast útreikninga, samskipti við kjörna fulltrúa á Alþingi og innan sveitarstjórna, ráðuneyti, samband sveitarfélaga og sveitarfélögin sjálf. Til að mynda sendi formaður miðstöðvarinnar póst á hvern einasta Alþingismann vegna þessa á síðasta ári.

Samkvæmt fyrirhuguðu frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2022 lá fyrir niðurskurður í framlögum ríkisins til NPA. NPA miðstöðin skrifaði umsögn um fjárlögin og mótmælti niðurskurðinum harðlega. Sem betur fer tókst að leiðrétta þennan niðurskurð svo að fullfjármagna mætti að minnsta kosti þá samninga sem í gildi voru, en ætla má að lítið verði um fjölgun samninga á þessu ári. Það eru mikil vonbrigði, enda ættu að vera rúmlega 170 NPA samningar í gildi í lok árs 2022 samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu, en ekki rúmlega 90 eins og nú er raunin.

Önnur verkefni tengt hagsmunabaráttu og/eða ráðgjöf við uppbyggingu NPA á Íslandi sem NPA miðstöðin hefur haft aðkomu að eru t.d. eftirfarandi:

- Samstarf við sveitarfélög þegar þau hafa hvert um sig verið að móta sínar reglur um NPA.
- Þátttaka í samráðsstarfi um lagasetningar og reglugerðir.
- Mæting fyrir velferðarnefnd Alþingis og samtöl við þingmenn.
- Aðstoða fólk við að sækja mál fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.
- Sent athugasemd til ráðuneytisins um framkvæmd NPA námskeiða.

Baráttunni er hvergi nærri lokið.

- Í dag eru fleiri undir 67 ára aldri inni á hjúkrunarheimilum heldur en með NPA samninga á Íslandi. Það gengur þvert á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt þjóðir eindregið til að vinna skipulega að afstofnanavæðingu.
- Íslenska ríkið borgar ekki það mótframlag til NPA samninga sem kveðið er á um í bráðabirgðaákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í dag eru um 90 einstaklingar með NPA á Íslandi en samkvæmt lögum ættu að lágmarki 150 einstaklingar að hafa NPA í dag og 172 við lok árs.
- Mörg sveitarfélög draga lappirnar við afgreiðslu NPA umsókna.
- Sum sveitarfélög greiða ekki nægilegt tímakaup til að hægt sé að greiða aðstoðarfólki laun samkvæmt kjarasamningum og fleira mætti telja. NPA miðstöðin mun ganga harðar fram á árinu 2022 en áður, til að fá þau sveitarfélög sem ekki virða ákvæði laga, reglna og samninga hvað varðar framlög til launakostnaðar NPA aðstoðarfólks til að hækka sína taxta til samræmis við ákvæði kjarasamninga.

Eins og áður hefur verið nefnt hefur nokkuð verið fjallað um málefni fatlaðs fólks í fjölmiðlum sem er yngra en 67 ára og er gert að búa á hjúkrunarheimilum. Einnig hefur verið rætt við fólk sem þurfti að leggjast inn á spítala en missti þjónustu í framhaldinu og var í raun nauðungarvistað á stofnunum. Loks var þó nokkuð fjallað um mál manns sem höfðaði dómsmál á hendur sveitarfélagi sínu vegna afgreiðslu á umsókn hans um NPA.

### 1.7.1 Dómsmál um réttinn til NPA

Þann 24. mars 2021 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli manns sem hafði fengið samþykkaða umsókn um NPA hjá Mosfellsbæ en verulegar tafir voru á því að maðurinn gat byrjað að nýta sér þjónustuna. Ástæðan fyrir töfunum var sú að sveitarfélagið setti þann fyrirvara um veitingu þjónustunnar, að mótframlag bærist frá ríkissjóði vegna hennar. Maðurinn hafði sótt um NPA í október 2018 en var ekki gert kleift að nýta þjónustuna fyrr en í janúar 2021.

Á meðan maðurinn beið eftir þjónustu var hann látinn dvelja á hjúkrunarheimili gegn vilja sínum. Maðurinn fór í mál við sveitarfélagið og krafðist viðurkenningar á rétti sínum til



NPA, auk skaða- og miskabóta úr hendi sveitarfélagsins. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélagið hafi brotið gegn manningnum með því aðgreiða ekki umsókn mannsins um þjónustuna fyrr en seint og síðar meir og að sveitarfélagið gæti ekki réttlætt tafir á afgreiðslu umsóknarinnar um NPA með vísan til þess að um „nýja“ þjónustu væri að ræða og að reglur skorti um hana eða með því að setja fyrirvara um mótframlög frá ríkissjóði inn í samninginn.

Mosfellsbær áfrýjaði málinu til Landsréttar og í október komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að sýkna bæri sveitarfélagið af öllum kröfum mannsins. Niðurstaða Landsréttar voru mikil vonbrigði, enda var með dómnum algjörlega snúið frá dómi Héraðsdóms sem var afar afdráttarlaus og skýr varðandi rétt mannsins til NPA og skaða- og miskabóta úr hendi sveitarfélagsins. Vísaði Landsréttur til sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaga um að þau færu sjálf með forræði yfir eigin tekjustofnum og að sveitarfélaginu hafi því verið heimilt að binda gerð NPA samnings við manninn við það skilyrði að mótframlag kæmi frá ríkinu. Landsréttur tók hins vegar undir það að afgreiðsla málsins hjá sveitarfélaginu hafi án vafa tafist fram úr hófi og því hafið sveitarfélagið brotið gegn manningnum. Honum hafi hins vegar ekki tekist að sýna fram á tjón sitt.

Maðurinn áfrýjaði niðurstöðunni alla leið til Hæstaréttar og þann 4. maí 2022 kvað Hæstiréttur upp endanlegan dóm í málinu. Þar hafði maðurinn betur og var sveitarfélaginu gert að greiða manningnum miskabætur vegna þess að sveitarfélagið sendi ekki umsókn mannsins um NPA til ráðuneytisins og óskaði því ekki eftir mótframlagi úr ríkissjóði fyrr en ári eftir að maðurinn lagði fram umsókn sína. Var sveitarfélaginu því gert að greiða manningnum 700.000 kr. í miskabætur.

Hæstiréttur tekur ekki afstöðu til þess hvort sveitarfélög megi tefja fyrir virkjun NPA samninga ef það fæst ekki mótframlag frá ríkinu, enda hafi sveitarfélag mannsins þegar brotið á rétti hans með þeim tögum sem áttu sér stað áður en sveitarfélagið sótti um mótframlagið.

NPA miðstöðin og formaður NPA miðstöðvarinnar fögnuðu dómnum vel og ástæða er til að óska manningnum, sem er félagsmaður NPA miðstöðvarinnar, til hamingju með sigurinn.

### 1.7.2 Kærumál

NPA miðstöðin hefur á liðnum árum gengið fram fyrir skyldi með sínu félagsfólki gagnvart sveitarfélögum. Miðstöðin hefur rekið mál áfram innan stjórnarsýslunnar fyrir félagsfólk og aðra sem leitað hafa til miðstöðvarinnar og viljað fá liðsauka í baráttunni fyrir NPA eða viðbótarþjónustu.

Á liðnu starfsári hefur NPA miðstöðin áfram aðstoðað félagsfólk sitt við að ná fram réttindum sínum með því að aðstoða það við að kæra mál innan sveitarfélaga og kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála. Þá hefur miðstöðin einnig aðstoðað félagsfólk við að leita til réttindagæslumanns og við að beina erindum vegna málsmeðferðar sveitarfélaga og/eða niðurstaðna í tilteknum málum til umboðsmanns Alþingis.

### 1.7.3 Umsagnir um lagafrumvörp

#### 1.7.3.1 Umsögn um fjárlagafrumvarpið 2022

Í desember 2021 sendi NPA miðstöðin inn umsögn um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2022. Vakti miðstöðin athygli á því að í fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum liti út fyrir að ekki væri gert ráð fyrir fjármögnun á móttframlagi ríkisins til þeirra 170 NPA samninga sem ríkið hefði skuldbundið sig til að gera skv. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 38/2018. Þvert á móti væri um að ræða niðurskurð í framlagi til NPA í drögnum.

Frumvarpið tók að endingu þeirri breytingu að fjármögnun þeirra samninga sem í gildi voru árið 2021 var tryggð en ríkið jók ekki við framlagið eins og bráðabirgðaákvæði um fjölgun NPA samninga segir til um. Það voru að sjálfsgöðu afar mikil vonbrigði.

#### 1.7.3.2 Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna

Í febrúar 2022 sendi NPA miðstöðin inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Markmið með breytingunni á lögnum er að bæta fötluðu fólki og öðrum jaðarsettum hópum við gildandi lög um jafna meðferð ólíkra einstaklinga. Í umsögn NPA miðstöðvarinnar er bent á að til þess að löggjöf sem ætlað er að vinna gegn mismunun gagnvart fötluðu fólki og stuðla að raunverulegu jafnrétti þeirra til jafns við aðra náí markmiði sínu, sé mikilvægt að hún taki tillit til sértækra og sérgreindra aðstæðna fatlaðs fólks. Mismunun, fordómar og órétti sem beinist gegn fötluðu fólki er gjarnan af öðrum meiði en það sem beinist að ófötluðu fólki, auk þess sem skyldur hvíla á stjórnvöldum til þess að uppfylla kröfur um tiltekna þjónustu, aðgengi og aðlögun. Til þess stuðla að raunverulegu jafnrétti og inngildingu fatlaðs fólks í samfélaginu, til jafns við aðra, þurfi að mati NPA miðstöðvarinnar að útfæra slíka löggjöf nánar og þá sérstaklega með aðstæður fatlaðs fólks í huga, en ekki þannig að fötluðu fólki sé skeytt inn í aðra löggjöf, með öðrum hópum sem vissulega þarfnast einnig verndar gegn mismunun.

#### 1.7.3.3 Umsögn um frumvarp til laga um lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Í febrúar 2022 sendi NPA miðstöðin inn umsögn um frumvarp til laga um lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. NPA miðstöðin studdi frumvarpið heilshugar og er í umsögninni bent á að ekkert sé því til fyrirstöðu að samningurinn verði lögfestur án frekari tafa, en samningurinn hefur verið fullgiltur og þýddur auk þess sem innleiðing hans er þegar hafin í íslensk lög. Samningurinn treystir í sessi afar mikilvæg mannréttindi fatlaðs fólks, vinnur gegn ríkjandi viðhorfum í garð fatlaðs fólks og leggur undirstöður fyrir íslensk stjórnvöld til að byggja stefnu sína í málaflokknum.

#### 1.7.3.4 *Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð)*

Í apríl 2022 sendi NPA miðstöðin inn umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en um er að ræða undanþágu frá gildandi ákvæðum um hvíldartíma og lengd vinnutíma hjá vinnandi fólki. Ákvæðið gerir verkstjórnendum í NPA kleift að skipuleggja sólarhringsvaktir með hvíldarvöktum, að vissum skilyrðum uppfylltum.

Í umsögn NPA miðstöðvarinnar er ítarlega farið yfir hvernig gildandi undanþága frá þessum ákvæðum hefur gengið í framkvæmd, þ.e. lýst er framkvæmd og skipulagi sólarhringsvakta og því starfsumhverfi sem bæði NPA notendur og NPA aðstoðarfólk hefur starfað í allt frá upphafi innleiðingar á NPA. Í umsögninni er einnig vísað til rannsóknar á viðhorfi aðstoðarfólks til hvíldarvakta og að á heildina litið séu bæði verkstjórnendur í NPA og aðstoðarfólk þeirra afar ánægð með að eiga kost á sólarhringsvöktum.

Gagnrýnt er í umsögninni að í frumvarpinu sé farin sú leið að útfæra nánari framkvæmd sólarhringsvakta, en það hefur verið verkefni aðila vinnumarkaðarins á innleiðingartímabili NPA. Þannig hafa aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. NPA notendur sem vinnuveitendur og verkalýðsfélag NPA aðstoðarfólks, útfært framkvæmd sólarhringsvakta og hvíldarvaktir í sérstökum kjarasamningi. Sá samningur var síðast endurskoðaður í janúar 2022 og var þá tekið tillit til margvíslegra þátta sem bæði NPA notendur og NPA aðstoðarfólks vildu koma á framfæri. Er í umsögninni lagt til að aðilum vinnumarkaðarins verði áfram falið að útfæra fyrirkomulag og framkvæmd undanþágunnar.

#### **1.7.4 Samstarf og samráð við sveitarfélög og ríki**

NPA miðstöðin hefur um árabil tekið virkan þátt í samstarfi og samráði við bæði ríki og sveitarfélög. Fulltrúar miðstöðvarinnar eiga reglulega samráðsfundi með nokkrum af stærstu sveitarfélögum landsins þar sem farið er yfir samstarfið og álitamál, ef einhver eru.

Formaður NPA miðstöðvarinnar hefur einnig áfram tekið þátt í starfshópi um endurskoðun á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir en hann hefur verið þar sem fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands. Starfshópurinn skilaði í apríl 2022 skýrslu um heildarendurskoðun á lögnum.

## **1.8 Nýir kjarasamningar og viðræður við Eflingu**

NPA miðstöðin hefur frá árinu 2013 gert kjarasamning við Eflingu og tiltekin stéttarfélög innan starfsgreinasambandsins um störf NPA aðstoðarfólks. Síðast var samið um nýjan sérkjarasamning árið 2015 og samningurinn hafði ekki tekið miklum breytingum síðan

þá, en aðeins hafði verið samið um sömu kaup-taxtahækkunir og í almennum kjarasamningum.

Undirbúningur fyrir gerð nýs kjarasamnings fyrir NPA aðstoðarfólk hafði í raun staðið yfir frá árinu 2019, en þá lét miðstöðin framkvæma skoðanakönnun á viðhorfi NPA aðstoðarfólks til kjara- og starfsumhverfis síns. Einkum var leitast við að kanna viðhorf starfsfólks sem vann hvíldarvaktir. Á árinu 2020 hófust svo formlegar viðræður við Eflingu um nýjan sérkjarasamning fyrir NPA aðstoðarfólk.

NPA miðstöðin taldi mikilvægt að fá sveitarfélög í ríkara mæli að viðræðunum við Eflingu, enda hafa sveitarfélög hagsmuna að gæta í þeim viðræðum þar sem framlög til NPA samninga eiga að taka mið af gildandi kjarasamningum NPA aðstoðarfólks hverju sinni. Í júní árið 2020 sendi NPA miðstöðin bréf til sveitarfélaga þar sem óskað var eftir aðkomu sveitarfélaga að viðræðunum. Sveitarfélög hafa hins vegar ekki viljað taka þátt í viðræðunum eða koma að gerð kjarasamningsins, amk. ekki með beinum hætti.

Viðræðum við Eflingu var slegið á frest fram á mitt ár 2021 og tóku þá við stífir samningafundir um helstu álitamál. Verkalýðsfélögin hafa lagt mikla áherslu á innleiðingu styttingu vinnuvikunnar sem samið var um í lífskjarasamningunum og hafa sveitarfélög nú þegar samið um styttinguna ásamt fleiri stofnunum og félögum víðsvegar í atvinnulífinu. Það var því ljóst að semja þyrfti um útfærslu á styttingunni fyrir NPA aðstoðarfólk, bæði til að uppfylla þarfir verkalýðsfélaganna og einnig til að kjör NPA aðstoðarfólks væru samkeppnishæf við sambærileg störf hjá ríki og sveitarfélögum.

Eftir nokkrar langar samningalotur, sem samanlagt telja yfir á þriðja tug klukkustunda, tókust samningar við Eflingu um nýjan kjarasamning og sérkjarasamning um hvíldarvaktir fyrir NPA aðstoðarfólk. Nýi kjarasamningurinn kveður m.a. á um meiri sveigjanleika hjá aðstoðarfólki og verkstjórnendum, taxtahækkun, fjölgun álagsþrepa og styttingu vinnuvikunnar um fjórar klukkustundir á viku. Þá eru gerðar skýrari kröfur til þess hvernig hvíldarvaktir fari fram auk annarra breytinga.

NPA miðstöðin og Efling skrifuðu undir nýjan kjarasamning stuttu fyrir jól, með fyrirvara um samþykki félagsfundar NPA miðstöðvarinnar. Í janúar 2022 var kjarasamningurinn kynntur félagsfólki á sérstökum félagsfundi og samþykktur. Samningurinn tók því gildi frá og með 1. janúar sl.

### **1.8.1 Uppfærðir jafnaðartaxtar vegna hækkunar kjarasamnings**

Um leið og endanlegur kjarasamningur lá fyrir tók NPA miðstöðin saman útreikninga fyrir uppfærða jafnaðartaxta vegna NPA samninga. Miðstöðin hefur frá árinu 2018 tekið saman slíka útreikninga fyrir sveitarfélög til að miða framlög sín til NPA við, en útreikningarnir miðast við gildandi kjarasamning NPA aðstoðarfólks hverju sinni.

Í fyrsta skiptið þurfti NPA miðstöðina að reikna út ólíka taxta fyrir tvö tímabil á árinu, þ.e. taxta sem gildir frá 1. janúar til 30. apríl 2022 og svo frá 1. maí og til 31. desember 2022. Ástæðan fyrir þessu er að þann 1. maí 2022 tók gildi stytting vinnuvikunnar hjá NPA

aðstoðarfólki auk fjölgunar á álagsprósentum í launatöflunni til samræmis við launatöflur sem gilda um sambærileg störf hjá ríki og sveitarfélögum.

Ílla hefur gengið að fá sveitarfélög til þess að samþykkja hækkanirnar, þrátt fyrir skýra skyldu sveitarfélaga til þess. NPA miðstöðin mun halda áfram að þrýsta á sveitarfélög um samþykkt hækkana og trúir því að það muni nást eins og með fyrri samninga.

## 1.9 Kerfisláusnir

### 1.9.1 Tímon tekið í almenna notkun

Síðustu misseri hefur NPA miðstöðin unnið að því að taka upp vakta- og tímaskráningarkerfi fyrir verkstjórnendur og aðstoðarfólk. Miðstöðin kannaði nokkra möguleika og fundaði með ólíkum aðilum sem boðið hafa upp á slík kerfi og að lokum var ákveðið að hefja samstarf við Trackwell um notkun á Tímon.

Tímon er viðveruskráningarkerfi sem félagsfólk NPA miðstöðvarinnar notar til að halda utan um og skrá vinnustundir aðstoðarfólks og skipuleggja vaktir. Kerfið býður uppá nokkra möguleika þegar kemur að því að skrá vinnustundir aðstoðarfólks. Til dæmis geta verkstjórnendur fært viðverustundir handvirkt inn eins og verið hefur með eldri vinnuskýrslur fyrir aðstoðarfólk en kerfið býður þó einnig uppá sjálfvirkari skráningu viðverustunda hjá aðstoðarfólki í gegnum stimpilklukku eða beint frá vaktaplani sem er skipulagt inni í Tímon.

Prófanir á kerfinu hafa staðið yfir um allan skeið og í mars 2022 var ákveðið að opna fyrir almenna notkun á kerfinu fyrir félagsfólk miðstöðvarinnar. Haldinn var kynningarfundur fyrir félagsfólk þar sem farið var yfir virkni kerfisins og notkun. Eftir fundinn gat félagsfólk miðstöðvarinnar fengið aðgang að kerfinu og byrjað að prófa sig áfram. Ætlunin var þó að hver og einn félagsmaður fengi síðan persónubundna kennslu á kerfið eftir því hvernig viðkomandi ætlaði sér að nota það.

Í apríl gaf NPA miðstöðin svo út leiðbeiningarbækling fyrir verkstjórnendur um notkun á Tímon. Bæklingurinn sýnir á einfaldan hátt hvernig kerfið er notað, þ.e. hvernig verkstjórnendur skrá sig inn, skoða aðstoðarmannahópinn sinn, skráir tíma þeirra, skipuleggur vaktir, breytir tímaskráningum og samþykkir innstimplanir.

Verkstjórnendur hjá NPA miðstöðinni verða að hafa tileikað sér notkun á Tímon eftir 1. maí, eða koma sér upp annars konar kerfi sem heldur utan um tíma aðstoðarfólks með réttum hætti. Ástæðan er sú að þann 1. maí tók gildi ný launatafla hjá NPA aðstoðarfólki þar sem álagsþrepum fjölga auk þess sem vinnuvika aðstoðarfólks styttest. NPA miðstöðin hefur ekki aðra betri leið til að þjónusta félagsfólk sitt með réttri skráningu á vinnutímum aðstoðarfólks en Tímon, en félagsfólk er þó eftir sem áður ennþá heimilt að halda utan um tíma sjálft og senda á miðstöðina í lok hvers vinnutímabils, að því gefnu að skráningin sé rétt með tilliti til fjölda vinnustunda í hverju álagsþrepi.

Þrátt fyrir að Tímon sé komið í notkun hjá NPA miðstöðinni eru þó enn tæknileg vandamál til staðar. Kerfið er ekki sérsniðið að þörfum NPA notenda og komið hafa upp kerfisvillur þar sem verkstjórnendur hafa getað séð yfirlit yfir vaktir hjá öðrum verkstjórnendum og lista yfir aðstoðarfólk sem vinnur hjá öðrum notendum. Þá hafa einnig komið upp vandamál við að skrá tíma hjá aðstoðarfólki sem vinnur hjá tveimur eða fleiri verkstjórnendum. NPA miðstöðin vinnur að því með Trackwell að lagfæra þessar villur.

Innleiðingin á Tímon mun auðvelda félagsfólki að skipuleggja og halda utan um vinnustundir aðstoðarfólks og það er mikið fagnaðarefni að kerfið sé loksins tilbúið til almennrar notkunar.

### 1.9.2 Áframhaldandi þróun Salesforce

Þjónustukerfið Salesforce var tekið til notkunar seinni part sumars 2020. Miðlægur gagnagrunnur eins og Salesforce einfaldar ýmislegt utanumhald og yfirsýn við störf á skrifstofu og er í daglegri notkun á skrifstofunni. Frekari þróun Salesforce á skrifstofunni hefur ekki verið í forgangi en verið er að innleiða fleiri notkunarmöguleika kerfisins í áföngum, m.a. tengingu Salesforce við DK bókhaldskerfið.

### 1.9.3 Asana tekið í notkun

Á haustmánuðum tók NPA miðstöðin til notkunar verkstjórnunar- og skipulagsforritið Asana og hefur það komið sér sérstaklega vel við skipulag og utanumhald í tengslum við NPA námskeiðin í vetur en einnig almennt reynst starfsfólki skrifstofu vel við skipulag verkefna.

### 1.9.4 Áframhaldandi samstarf við Halló

Í febrúar 2021 hófst samstarf NPA miðstöðvarinnar við Halló – símsvörun. Starfsfólk Halló svarar almennum spurningum en virkar líka eins og skiptiborð og gefur á réttan aðila á skrifstofunni eða tekur skilaboð og hefur það gefist ágætlega.

## 1.10 Húsnæði, húsgögn og innrétting skrifstofu

Allri stærri smíða- og rafmagnsvinnu er lokið í húsnæði NPA miðstöðvarinnar. Það er samt ennþá ýmislegt eftir sem ætlunin er að gera fyrir húsnæðið til að það nýtist starfsemi miðstöðvarinnar og gestum hennar.

Helstu innkaup á nýliðnu starfsári voru m.a. hækkanleg borð fyrir eldhús- og fundarrýmið, sófi og stólar fyrir fundarrýmið, fundarbúnaður fyrir bæði fundarherbergin og ýmislegt smálegt eins og veggklukkur og smávara fyrir eldhús.

Jafnframt er stefnt að því að framkvæma eftirfarandi, eftir því sem forgangs röðun tíma og fjármagns leyfir:

- Kaupa skápa og hillur undir bókhaldsgögn.

- Innrétta prentarasvæðið svo það nýtist betur sem geymslu- og vinnuástaða.
- Setja upp aðgengilega eldhúsinnréttingu.
- Innrétta baðherbergin betur, t.d. með skipti- og þvottaaðstöðu fyrir fullorðna.
- Kaupa fleiri húsgögn þannig að öll rými nýtist sem best.
- Kaupa meiri tækjakost, t.d. fundar- og hljóðkerfi fyrir fundarsalinn og sjónvörp fyrir viðtalsrými.

## 1.11 Starfið framundan

Stór verkefni bíða stjórnar og starfsfólks NPA miðstöðvarinnar á næsta starfsári, nú sem endra nær.

Næsta vetur verður á ný boðið upp á NPA grunnnámskeið og þau þróuð áfram og endurbætt. Vonir standa til að einnig náist að bjóða upp á fræðslu á ensku og mögulega bæta enn frekar við fræðsluframboðið.

Stefnt er að því að bjóða reglulega upp á jafningjaspjall og líklega verður á ný látið á það reyna að halda einhverja skemmtiviðburði.

Áfram verður haldið við að innrétta skrifstofu NPA miðstöðvarinnar í áföngum.

Vinna við siðasáttmála og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi er á lokametrunum. Næstu skref eru þau að koma efninu á vefinn og útfæra svæði á netinu þar sem hægt verður að senda inn tilkynningar. Tíminn leiðir svo í ljós hve mikil þörfin er og hversu mikið mun berast af tilkynningum. Siðasáttmálinn leggur mikilvægan grunn að gildum NPA miðstöðvarinnar fyrir starfsemi sína.

Salesforce kerfið er í daglegri notkun á skrifstofunni og hefur auðveldað verulega utanumhald um ýmis gögn og upplýsingar. Frekari þróun Salesforce á skrifstofunni hefur ekki verið í forgangi en engu að síður er í áföngum verið að innleiða fleiri notkunarmöguleika kerfisins, m.a. tengingu Salesforce við DK bókhaldskerfið.

Tímon viðveruskráningarkerfið er komið í fulla notkun en innleiðing þess mun áfram taka nokkurn tíma enda hafa komið upp kerfisgallar sem Trackwell fyrirtækið vinnur nú að því að laga fyrir NPA miðstöðina. Við erum sannfærð um Tímon verði öllum til hagsbóta, enda hefði annars verið illmögulegt að halda utan um vinnutíma aðstoðarfólks eftir að nýr kjarasamningur tók gildi þann 1. maí síðastliðinn.

Ýmis verkefni sem snúa að upplýsingagjöf bíða úrlausnar, t.d. endurgerð heimasíðu NPA miðstöðvarinnar, ýmiskonar frágangur á verkstjórnendahandbók og gerð „upplýsingapakka“ fyrir nýtt aðstoðarfólk. Jafnframt er ætlunin að skrifa handbók fyrir aðstoðarfólk og verður vonandi hægt að setja meiri kraft í þá vinnu næsta vetur.

NPA miðstöðin hlaut nýverið styrk til að taka þátt í verkefninu „COMPASS - Creating opportunities: bridging the gap between employers and staff with diverse cultural backgrounds“. Verkefnið er fjármagnað af Nordplus og felst í meginráttum í því að fulltrúar frá Norrænum félögum (NPA-is, JAG-fi-no-se og KVPS-fi) munu hittast og ræða saman um hvernig samvinnufélög fatlaðs fólks sem vinnuveitendur geti gert störf innan fötlunargeirans meira aðlaðandi fyrir erlent starfsfólk. Sú vinna mun fara fram á tímabilinu september 2022 til desember 2023. Fundarröðin byrjar á Íslandi og mun NPA miðstöðin taka á móti þátttakendunum í október 2022.

Stjórn ENIL hefur tilkynnt að Freedom Drive fari fram dagana 26.-28. september í haust og stefnir NPA miðstöðin að því að senda fulltrúa sína til að taka þátt eins og hin skiptin.

NPA miðstöðin mun að sjálfsögðu halda áfram sinni hagsmunagæslu fyrir fatlað fólk og réttinum til sjálfstæðs lífs, bæði gagnvart ríki og sveitarfélögum með öllum þeim leiðum sem hægt er.

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar hlakkar til að halda áfram að bæta þjónustu NPA miðstöðvarinnar, vinna að uppbyggingu NPA miðstöðvarinnar og beita sér í hagsmunabaráttu fatlaðs fólks á Íslandi.



## 2 NPA MIÐSTÖÐIN

### 2.1 Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar

Engin fjölgun félagsfólks hefur átt sér stað á undangengnu starfsári. Á aðalfundi árið 2021 voru eigendur NPA miðstöðvarinnar 54 og eru félagsmenn jafn margir nú.

Af félagsfólki NPA miðstöðvarinnar eru 3 með beingreiðslusamninga og 51 með NPA samninga. Þjónusta og umsýsla hjá miðstöðinni vegna beingreiðslusamninga fer fram með sama hætti og við NPA samninga. Félagfólk með beingreiðslusamninga nýtur sömu réttinda hjá miðstöðinni og notendur með NPA samninga.

### 2.2 Félagfundir

Haldnir voru tveir félagfundir á liðnu starfsári.

#### 2.2.1 Félagfundur um nýjan kjarasamning fyrir NPA aðstoðarfólk

Í janúar 2022 var haldinn félagfundur með félagsfólki til að kynna nýjan kjarasamning fyrir verkstjórnendum. Vegna almennra samkomutakmarkana sem voru í gildi á þessum tíma þurfti að halda fundinn í gegnum fjarfundabúnað og notast var við hugbúnaðinn Microsoft Teams.

Með fundarboði fylgdu tveir nýir kjarasamningar sem gerðir höfðu verið við Eflingu, annars vegar almennur sérkjarasamningur fyrir NPA aðstoðarfólk og hins vegar sérkjarasamning um hvíldarvaktir og framkvæmd þeirra. Þá fylgdi einnig í fundarboði samantekt yfir helstu breytingar í nýjum kjarasamningi og þýðing þeirra fyrir verkstjórnendum.

Á fundinum kynnti Rúnar Björn, formaður miðstöðvarinnar, aðdraganda nýs kjarasamnings og þróun viðræðna við Eflingu. Viðræðurnar höfðu staðið yfir um allan gát og falið í sér langar og strembnar samningalotur. Þá upplýsti Rúnar að NPA miðstöðin hafi óskað eftir aðkomu sveitarfélaga að viðræðunum en að sveitarfélögin hafi ekki viljað hafa beina aðkomu að þeim.

Nýr kjarasamningur inniheldur nokkrar breytingar frá fyrri samningi og fór Rúnar yfir þær breytingar lið fyrir lið. Talsverðar umræður sköpuðust um styttingu vinnuvikunnar og fleiri veigamikla þætti. Almenn ánægja var með þá vinnu og árangur sem náðst hafði í viðræðunum þó svo að ekki væri allt eins og best verði á kosið. Einkum var talið mikilvægt að tryggja að sveitarfélög greiði framlög til NPA samninga samkvæmt uppfærðum kjarasamningi.

Rúnar bar nýja kjarasamninga undir fundinn til samþykktar og greiddi meirihluti fundarmanna með samningnum. Töldust samningarnir því báðir samþykktir.

## 2.2.2 Félagsfundur um siðasáttmála NPA miðstöðvarinnar og aðgerðaráætlun

Félagsfundur NPA miðstöðvarinnar um siðasáttmála og aðgerðaáætlun miðstöðvarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi var haldinn miðvikudaginn 11. maí 2022 í húsnæði NPA miðstöðvarinnar. Einnig var í boði að fylgjast með fundinum rafrænt.

Á fundinum var siðasáttmálinn og aðgerðaáætlunin kynnt fyrir félagsfólki og að kynningu lokinni var opið fyrir spurningar og athugasemdir. Hrafnhildur, ráðgjafi hjá NPA miðstöðinni, og Ragnar Gunnar, félagsmaður hjá NPA miðstöðinni, kynntu sáttmálann og aðgerðaráætlunina og svöruðu spurningum. Almenn ánægja var hjá félagsfólki með þessa vinnu og fagnaðarefni að vinnunni væri nú að ljúka.

Rúnar, formaður NPA miðstöðvarinnar, lagði fram tillögu þess efnis að siðasáttmálinn og aðgerðaráætlunin yrðu lögð fram á aðalfundi til formlegs samþykkis, eftir minniháttar lagfæringar sem komu fram á fundinum, og var tillagan samþykkt samhljóða.

Tilgangur siðasáttmála og aðgerðaáætlunar NPA miðstöðvarinnar er að vera vegvísir allra hjá NPA miðstöðinni í viðleitni til að tryggja öllum hlutaðeigandi aðilum sem starfa hjá eða nýta þjónustu NPA miðstöðvarinnar, öruggt umhverfi og virðingu. Í því felst að þurfa ekki að þola einelti, áreitni eða annars konar ofbeldi í störfum sínum í tengslum við starfsemina líkt og segir til um í siðasáttmála NPA miðstöðvarinnar.

## 2.3 Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar og þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll einhverju þjónustusvæði sveitarfélags eða sveitarfélaga vegna þjónustu þeirra við fatlað fólk. Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar, 54 að tölu, skiptast niður á 11 þjónustusvæði; Reykjavík, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ (þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjósahrepps), Árborg (þjónustusvæði Bergrisans), Ísafjarðarbæ, sveitarfélagið Skagafjörð, Dalvíkurbyggð (þjónustusvæði Norðurlands eystra), Akureyri og Reykjanesbæ.

## 2.4 Fjöldi NPA aðstoðarfólks

Í lok apríl 2022 gegndu 245 einstaklingar stöðu NPA aðstoðarfólks hjá félagsfólki NPA miðstöðvarinnar í mismunandi starfshlutföllum.

## 2.5 Stjórn

Stjórn NPA miðstöðvarinnar skipa fimm aðalmenn og þrjú varamenn. Löngum hefur verið rætt um að breyta stjórnartíma á þann veg að kjörinn stjórnarmaður sitji tvö tímabil og að kosið verði um tvo nýja stjórnarmenn og formann á hverjum aðalfundi. Það myndi auðvelda félagsfólki að skipa í stjórnina á hverju ári, en oft hefur gengið erfiðlega að manna öll hlutverk í stjórninni. Þetta breytta fyrirkomulag myndi þó kalla á breytingu á samþykktum félagsins og verður ekki gert fyrr en í fyrsta lagi fyrir aðalfundinn 2023.

Á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar þann 16. júní 2021 var Rúnar Björn Herrera Þorkelsson kosinn formaður NPA miðstöðvarinnar.

Eftirfarandi stjórnarfólk var kjörið í stjórn og skiptu þau með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum nýkjörinnar stjórnar sem hér segir:

- Hallgrímur Eymundsson, gjaldkeri.
- Salóme Mist Kristjánsdóttir, meðstjórnandi.
- Jóna Elísabet Ottesen, meðstjórnandi.
- Margrét Lilja Arnheiðardóttir, meðstjórnandi.

Varafulltrúar í stjórn voru kjörnir:

- Þorsteinn Sturla Gunnarsson, 1. varamaður.
- Ágústa Arna Sigurjónsdóttir, 2. varamaður.
- Halldóra Bjarnadóttir, 3. varamaður.

### 2.5.1 Fjöldi stjórnarfunda

Á starfstímabilinu árið 2020-2021 voru haldnir 11 stjórnarfundir, þ.e. fimm á árinu 2021 og sex á árinu 2022.

## 2.6 Starfsemi skrifstofu NPA miðstöðvarinnar

Við aðalfund 2022 var félagsfólk NPA miðstöðvarinnar 54 talsins og aðstoðarfólk um 245. Kjarninn í starfsemi NPA miðstöðvarinnar er að sjálfsögðu þjónusta við verkstjórnendur og aðstoðarfólk miðstöðvarinnar. Sú þjónusta og umsýsla er það sem mestur tími starfsfólks á skrifstofu fer í.

Tveir nýir starfsmenn komu til starfa á skrifstofu miðstöðvarinnar á liðnu ári. Ester Sveinbjarnardóttir kom inn í stað Sigurdísar í bókhaldinu þar sem hún er í fæðingarorlofi og Inga Dóra Glan hefur bæst við hóp ráðgjafa hjá miðstöðinni.

Starfsfólk skrifstofu er sem hér segir:

- Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður.
- Hjörtur Örn Eysteinnsson, framkvæmdastjóri.
- Silja Steinunnardóttir, samskiptastýra.
- Sigurdís Rós Jóhannsdóttir, launafulltrúi/bókari (í fæðingarorlofi)
- Regína Þorvaldsdóttir, launafulltrúi/bókari.
- Ester Sveinbjarnardóttir, launafulltrúi/bókari.
- Andri Valgeirsson, ráðgjafi.
- Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir, ráðgjafi.
- Erna Eiríksdóttir, ráðgjafi.
- Inga Dóra Glan, ráðgjafi
- Vigdís Th. Finnbogadóttir, ráðgjafi og fræðslustýra (í fæðingarorlofi).

NPA miðstöðin rekur starfsemi sína í skrifstofuhúsnæði í Urðarhvarfi 8 í Kópavogi, en miðstöðin flutti starfsemi sína þangað úr Hátúni 12 í byrjun apríl árið 2020.

Húsnæði NPA miðstöðvarinnar er mjög aðgengilegt fyrir hreyfihamlað fólk, og þrátt fyrir að vera á 2. hæð er hægt að ganga beint inn í rými miðstöðvarinnar frá bílastæði og einnig beint úr bílskýli. Lyftur eru þó einnig í húsinu. Inngangar að húsnæðinu eru sjálfvirkir og opnast sjálfkrafa fyrir gestum. Félagsfólk getur m.a. nýtt sér húsnæði miðstöðvarinnar til þess að halda starfsmannafundi og til að taka starfsmanna- og eða atvinnuviðtöl. Enn fremur getur félagsfólk nýtt sér miðstöðina sem vinnuaðstöðu til þess að halda utan um og skipuleggja sína notendastýrðu persónulegu aðstoð. Í húsnæðinu eru rafknúin borð sem hægt er að hæðarstillja, stólar og sófar, rými sem hægt er að loka, tölvuskjáiir og sjónvarpsskjáiir, fundarborð, tölvubúnaður, prentarar o.fl. ásamt starfsfólki sem er til þjónustu reiðubúið. Þá er einnig hægt að nýta húsnæði miðstöðvarinnar til þess að hýsa fundi og margvíslega fræðslustarfsemi eða námskeið. Tæknibúnaður miðstöðvarinnar gerir það enn frekar að verkum að unnt er að vera með fjarfundi í hljóði og mynd.

## 2.7 Rekstur og fjárhagur

NPA miðstöðin svf. er samvinnufélag, sbr. lög nr. 22/1991 um samvinnufélög. Um eignarhald og ágóða er fjallað í 12. gr. samþykktu miðstöðvarinnar, sem hljóðar svo: „Félagið er í eigu félagsmanna og skal starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs og skal félagsmönnum ekki greiddur út arður af starfseminni.“

Hagnaður, 20,2 millj. kr., varð af starfseminni skv. ársreikningi fyrir árið 2021, samanborið við 4 milljóna króna hagnað árið á undan. Hagnaður af rekstri miðstöðvarinnar verður nýttur til þess að efla þjónustu, fræðslu og ráðgjöf og styrkja rekstur og stöðu NPA

miðstöðvarinnar. Velta NPA miðstöðvarinnar á árinu 2021 fór yfir 1,4 milljarð á árinu, jukust um ríflega 30% frá árinu á undan, og hafa umsvif miðstöðvarinnar aldrei verið meiri. Slíkum vexti fylgir auðvitað aukinn kostnaður vegna bókhalds og endurskoðunar. Í samræmi við ályktun á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar árið 2021 var leitast eftir því að NPA miðstöðin fengi fulla endurskoðun á fyrir árið 2021 og að framvegis myndu endurskoðendur annast kynningu á ársreikningi NPA miðstöðvarinnar.

Eigið fé félagsins var jákvætt sem nemur 75 millj. kr. við árslok skv. efnahagsreikningi.

## 2.8 Vefur NPA miðstöðvar og samfélagsmiðlar

Vefur NPA miðstöðvarinnar hefur að geyma lykilupplýsingar um miðstöðina, hlutverk hennar og starfsemi. Á liðnum árum hefur miðstöðin reitt sig á miðlun upplýsinga í gegnum samfélagsmiðla frekar en í gegnum heimasíðuna, enda er bæði auðvelt og aðgengilegt að koma upplýsingum á framfæri þar við lykilhópa. NPA miðstöðin hefur verið virk og sýnileg á samfélagsmiðlum og meðal annars notað Facebook til þess að auglýsa starfsemi sína og vekja athygli á mikilvægum málum með kostuðum auglýsingum.

Lengi hefur staðið til að uppfæra heimasíðu NPA miðstöðvarinnar og vonir standa til að unnt verði að hefja það verkefni að krafti á nýju starfsári.

## 2.9 Þjónusta NPA miðstöðvarinnar

Ráðgjafar sinna fjölbreyttum störfum en það er mjög einstaklingsbundið hvað hver og einn verkstjórnandi eða aðstoðarmanneskja þarf ráðgjöf eða aðstoð við. Hlutverk ráðgjafa er að styðja og ráðleggja verkstjórnendum og aðstoðarfólk í hlutverki sínu til að stuðla að farsælli framkvæmd á NPA. Hægt er að fá samband við ráðgjafa í gegnum síma og tölvupóst eða óska eftir því að hitta ráðgjafa á skrifstofu miðstöðvarinnar.

Ráðgjafar NPA miðstöðvarinnar aðstoða félagsfólk við að útbúa vakta- og viðveruáætlanir fyrir aðstoðarfólk, skrá viðveru þeirra í Tímon, auglýsa eftir aðstoðarfólki, taka atvinnuviðtöl og veita ráðgjöf varðandi ráðningamál, uppsagnir, samningamál o.fl. Þá veita ráðgjafar miðstöðvarinnar einnig ráðgjöf varðandi kjarasamninga, útreikninga á launakostnaði og allt annað sem tengist framkvæmd NPA. Aðilar sem eru áhugasamir um NPA geta jafnframt leitað til ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar til að fá upplýsingar um NPA, réttinn til NPA og hvernig sótt er um NPA svo dæmi séu tekin. Ráðgjafar eru að sjálfsögðu einnig til staðar fyrir aðstoðarfólk, til að svara spurningum, veita ráðgjöf eða aðstoða með öðrum hætti.

Félagsfólki miðstöðvarinnar stendur einnig til boða ráðgjöf hjá framkvæmdastjóra NPA miðstöðvarinnar varðandi álitamál sem snúa að lögfræðilegum úrlausnarefnum og

kærumálum. Sá þáttur í starfsemi miðstöðvarinnar er afar mikilvægur til þess að tryggja að félagsfólk fái notið þeirra réttinda sem þeim eru tryggð skv. lögum.

Þrír launafulltrúar/bókarar starfa hjá NPA miðstöðinni og annast allt bókhald og launavinnslu fyrir miðstöðina, sem orðin er æði umfangsmikil í takt við fjölgun félagsfólks. Með tilkomu Tímon má búast við að álag á bókara miðstöðvarinnar minnki þar sem launavinnslan verður einfaldari, og sjálfvirkari en þegar verkstjórnendur skiluðu viðveru aðstoðarfólks með Excel skjölum. Handavinna verður því talsvert minni og síður hætta á innsláttarvillum eða ósamræmi í vinnuskýrslum og launaseðlum.

---

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar þakkar félagsmönnum, NPA aðstoðarfólki og fjölmörgum samstarfsaðilum ríkis, sveitarfélaga, stéttarfélaga, annarra hagsmunaaðila og einstaklinga fyrir samskiptin á liðnu starfstímabili.